

Sjómannasamband Íslands

NÝR SAMNINGUR

Helstu atriði í nýjum kjarasamningi SSÍ og SFS

Febrúar 2024

1 Binditími samnings stytur – úr 10 árum í 5


Samningurinn er bundinn í 5 ár. Hægt er að segja upp samningi með kosningu eftir 5 ár.

Uppsagnarfrestur er 12 mánuðir.

Ef samningi er ekki sagt upp eftir 5 ár er næst hægt að segja upp eftir 7 ár. Þá er uppsagnarfrestur 6 mánuðir.

Ef samningi er ekki sagt upp gildir hann í 10 ár. Þetta er mikilvæg breyting frá fyrri samningi sem var bundinn í 10 ár.





Hlutlaus nefnd kemur inn

Gerðardómur fer út



2 Grein 1.39, hlutlaus nefnd vegna ágreinings

Grein 1.39 hefur verið lagfærð. Tekið er út að samningsbundinn gerðardómur leysi úr ágreiningi sem komið getur upp milli aðila vegna ákvæðisins.

Í staðinn skipa samningsaðilar **hlutlausa nefnd** sem hefur það hlutverk.

Greinin hefur verið í kjarasamningi sjómanna frá árinu 2004, en hingað til hefur vantað ferli til að leysa úr ágreiningi. Þetta atriði í grein 1.39 er breyting frá fyrri samningi.

3 Ísun ekki á hendi skipverja

Ísun yfir kör sem fara í gáma til sölu erlendis verður ekki á hendi skipverja nema í neyðartilvikum, samkvæmt nýjum samningi.

Sé afli settur í gáma til sölu erlendis skal útgerðarmaður semja við löndunargengi á staðnum um að ísa yfir körin sem fara í gámana, eigi skipverjar frí við löndun skv. kjarasamningi.

Í neyðartilvikum, ef löndunargengi getur ekki tekið verkið að sér, geta útgerð og skipverjar samið um að skipverjarnir ísi yfir körin sem fara í gámana gegn greiðslu m.v. yfirvinnutaxta skv. kaupskrá.

Þetta atriði um yfirísun er viðbót frá fyrri samningi.





400.000

4 Eingreiðsla við undirritun samnings


Félagsmenn fá **400.000 kr. eingreiðslu** frá útgerðarfélögum verði samningur samþykktur. Þetta er viðbót frá fyrri samningi og bein kjarabót fyrir sjómenn.


5 Hækkun kauptryggingar og kaupliða

Kauptrygging og kaupliðir hækka í samræmi við laun á almennum vinnumarkaði frá því að síðasti samningur rann út, 1. desember 2019.

Þá er deilitalan í kauptrygginguna lækkuð úr 173,3 í 156,0 til að finna tímakaup - sem þýðir að vinnuskylda sjómanna er færð úr 40 klst. á viku í 36 klst. á viku þegar þeir sinna vinnu í landi á móti kauptryggingu.

Auk þess er í samningnum samið um að kauptrygging og aðrir kaupliðir hjá sjómönnum taki sömu hækkunum og laun landverkafólks á samningstímanum.





6 Framlag í lífeyrissjóð hækkar úr 12,0% í 15,5%

Sjómenn geta valið að fá 3,5% viðbótarframlag í lífeyrissjóð frá útgerðinni, sbr. kröfur sjómanna í samningaviðræðunum, gegn 0,8% af skiptaverðinu eða sem samsvarar 1,14% af aflahlut.


Þeir sem ekki vilja fá 3,5% aukið mótframlag í lífeyrissjóð frá útgerðinni geta valið leið B, og fá þá 0,5 % hækkun á skiptaverðinu eða 0,7% hækkun á aflahlut. Mótframlaginu frá atvinnurekanda, 3,5% af launum, getur launafólk ráðstafað í tilgreinda séreign, sé vilji fyrir því.


Um tilgreinda séreign gilda sambærilegar reglur og um séreignarsparnaður launafólks á almennum markaði.

7 Aukið gagnsæi í uppgjöri

Ákvæði um hvaða upplýsingar eiga að fylgja með uppgjörum skipverja er styrkt og gert skýrara. Greinin í samningnum um sölu aflans og viðmiðunarverð á þorski, ýsu og karfa er styrkt og bætt við greinina ákvæði um tengingu á verði á uppsjávarfiski við afurðaverð, sbr. staðlað form fyrir fiskverðssamning fyrir uppsjávarfisk sem fylgdi samningnum.

Einnig er í samningnum samið um að olíuverðs- viðmið kjarasamningsins sé fellt burt og skipt verði framvegis úr heildarverðmæti aflans í stað þess að skipta úr sérstöku skiptaverði.





8 Skip mæld í skráningarlengd

Stærðarmörk skipa eru færð úr brúttórúmlesta viðmiði yfir í skráningarlengd í metrum.

Samhliða þessu er flokkum í skiptatöflum fyrir hverja veiðigrein fækkað og samningarnir þar með einfaldaðir.

Þau skip sem eru í rekstri og ekki passa inn í ný stærðarviðmið eru sett í sólarlag, þannig að hlutaskipti á þeim skipum breytast ekki að öðru leyti en segir í almennum ákvæðum samningsins meðan þau eru í rekstri.

Allur dragnótarflotinn er settur í sólarlag samkvæmt samningnum.

9 Desemberuppbót

Útgerð skal greiða fastráðnum skipverjum, og skipverjum sem ráðnir eru í reglulegar afleysingar, desemberuppbót ár hvert, fyrst þann 15. desember 2028. Full uppbót miðast við 160 lögskráningardaga eða fleiri. Ef lögskráningardagar eru færri skerðast greiðslur hlutfallslega.

